




Prestur: Sigríður Kristín Helgadóttir  
Organisti: Guðjón Halldór Óskarsson  
Söngur: Kirkjukórar Breiðabólstaðarprestakalls  
Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og hlýhug og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar í Goðalandi að athöfn lokinni.*

Streymi: [promynd.is/astalaufey](http://promynd.is/astalaufey)



# Ásta Laufey Sigurðardóttir

Fædd 30. nóvember 1962

Dáin 1. maí 2024



Útför frá Breiðabólstaðarkirkju  
föstudaginn 10. maí 2024



## Forspil

### Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphæðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörmur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

*L. Mason – Adams / Matthías Jochumsson*

### Ritningarorð

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báurur, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*C. H. Purday – Newman / Matthías Jochumsson*

## Guðspjall

Undir háu hamrabelti  
höfði drúpir lítil rós,  
þráir lífsins vængja víddir,  
vorsins yl og sólarljós.  
Ég held ég skynji hug þinn allan,  
hjartasláttinn, rósinn mín,  
er kristalstærir daggardropar  
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað.  
Kjúpa niður, kyssa blómið,  
hversu dýrlegt fannst mér það.  
Finna hjá þér ást og unað,  
yndislega rósinn mín.  
Eitt er það, sem aldrei gleymist,  
aldrei, það er minning þín.

*Friðrik Jónsson – Guðmundur G. Halldórsson*

## Minningarorð

Kvöldið er fagurt, sól er sest  
og sefur fugl á grein.  
Við skulum koma vina mín  
og vera saman ein.

Þú veist að öll mín innsta þrá  
er ástarkossinn þinn,  
héðan af aðeins yndi ég  
í örmum þínum finn.

Ég þekki fagran lítinn lund,  
hjá læknum upp við foss.  
Þar sem að gróa gullin blóm,  
þú gefur heitan koss.

Ég leiði þig í lundinn minn,  
mín ljúfa, komdu nú.  
Jörðin þó eigi ótal blóm,  
mín eina rós ert þú.

*Enskt þjóðlag – Ingólfur Þorsteinsson*

### Bæn

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,  
hnígur að ægi gullið röðulblys.  
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,  
og báran kveður vögguljód við fjarðarströnd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnsins fró.  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær.  
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.  
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd,  
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnsins fró.  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

*Stephen C. Foster – Jón frá Ljárskógum*

### Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*P. C. Krossing – Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*P. C. Krossing – Matthías Jochumsson*

### Moldun

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjónvögun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hans Tomissöns – Hallgrímur Pétursson*

### Blessun

### Eftirspil

*Kveðja / Bubbi Morthens*